



# Greinargerð um lögreglurannsókn.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Dómsmálaráðherra – Utanríkisráðherra – Greinargerð –  
Lögreglurannsókn - 1950

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmalamaðurinn

Askja 2-13, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Línadarmál

Dömsmálaáskera

Bjarni Benediktsson alþingism.

BDO RFI

G R E I W A R G E R D

um lögreglurannaðkn hjá kaupm. Helga Benediktssyni, Vestmannaeyjum,  
út af framtali til eigna- og tekjuakatts árið 1941 og árin þar í kring.

Það verður að segja, að skattgreiðandinn Helgi Benediktsson stundi  
sem næst í jörnum með eignir og skuldir í áralok 1939. Það á að heita,  
að hann telji fram til skatts fyrir árin 1940 - 1942. Þó færir hann  
ekki einu sinni staf um niðurstöðutölur efnahags- og rekstursreikninga  
inn á sjálfar framtalsskýrslurnar nokkurt árið, heldur vísar aðeins  
til meðfylgjandi reikninga, ódagsettra og óundirritaðra, fyrir árin  
1941 og 1942. Ekki verður séð, hvað hann vill telja skuldlausu eign  
eða nettótekjur fyrir árið 1940, því að svo er efnahags- og reksturs-  
reikningurinn ófullkominn. En fyrir árin 1941 og 1942 telur hann skuld-  
lausu eign og nettótekjur þannig:

1941	Skuldlaus eign	kr. 418.100.00,	tekjuhalli	kr. 24.750.00
1942	"	"	"	271.600.00, " " 69.300.00.

Þó má segja, að út úr reikningunum, eins og þeir liggja fyrir,  
fyrir þessi ár, megi sjá, að skuldlausar eignir, nettótekjur eða tekju-  
helli, eigi að vera þannig:

1940	Skuldlaus eign	kr. 202.000.00,	nettótekjur	kr. 171.000.00
1941	"	"	"	418.100.00, tekjuhalli " 14.800.00
1942	"	"	"	421.700.00, nettótekjur " 258.550.00.

Endurskoðandinn, dr. Kristinn Guðmundsson, telur samkv. skýrslu  
sinnri á rskj. 15, að eignir og tekjur skattgreiðandans fyrir nefnd ár  
verði að teljast þannig, eftir því sem næst verði komist - þó ber að  
athuga, að nettótekjur fyrir árið 1940 eru teknar í samræmi við áætlun  
ríkisráðgjafarinnar á þeim það ár -:

---

1940	Skuldlaus eign	kr. 335.700.00,	nettótekjur	kr. 337.400.00
1941	"	" " 387.000.00,	"	" 325.000.00
1942	"	" " 465.200.00,	"	" 326.000.00

Brotun undir 100 kr. á eign og 50 kr. á tekjum eða tekjuhalla er sleppt í öllum þessum samdráttum.

Auk þess, sem kemur fram bókað undir rannsókninni, hefir margt verið athugað viðvíkjandi eignum og tekjum, kaupum og sölum skattgreiðandans, bæði í sambandi við félag, sem hann er meðeigandi í, og einstaklinga, en ekkert fundist athugasvert, sem vökkru máli skiptir.

Telja verður, að niðurstöðutölur endurskoðandans á eignum og tekjum, skattgreiðandans í lok þessara ára verði að leggja til grundvallar álagningar eign- og tekjuskatts rannsóknarpóla.

Tekjur þar, sem endurskoðandinn gjörir rannsóknarpóla fyrir árin 1940 - 1942 eru í fullu samræmi við eignir hans í árslok 1942.

Skattframtöl Helga Benediktssonar fyrir þessi ár eru svo ófullkomin, að nánast verður að telja þau sálanyndaframtöl, og tel ég rétt, með hláðsjón af 36. gr. laga nr. 6, 9. jan. 1935, og 59. gr. reglugjörðar um tekjuskatt og eignaskatt, að í fyrsta lagi fyrir árið 1941 sé búið 25% við þá skuldlausu eign og nettótekjur, sem endurskoðandinn segir rannsóknarpóla reðurverulega hafa þá í árslok, áður en eign- og tekjuskattur er reiknaður út. Líkri aðferð setti að beita um ákvörðun eign- og tekjuskatts fyrir árið 1942, en láta sitja við áætlun ríkisskattanevndar á eignum og tekjum skattgreiðandans fyrir árið 1940, enda virðist sú áætlun vera sanngjörn.

En verði horfið að því, að beita heldur víðurlagnákvæðum 37. gr. nefndra laga, virðist undandregin skuldlaus eign fyrir árið 1942 nema kr. 43.500.00,

en undandregnar nettótekjur fyrir árið 1941 nema kr. 82.650.00 og fyrir árið 1942 kr. 67.450.00. Þó ber þess að gata, að inn í þessum tekjuupphæðum eru íbúfaldar ástlaðar tekjur af landbúskap fyrir árið 1941, kr. 4.943.15 og fyrir árið 1942 kr. 8.636.54.

Það skal tekið fram, að rannsókninni er enn ábótavart í því, að endurskoðunarskýrslan á rskj. 15 hefir ekki verið borin undir rannsóknarþolann, Helga Benediktsson, í rétti, né hann aðspurður, hvort hann vildi hlfta endurskoðuninni, en þar sem endurskoðandinn hefir lýst yfir í réttinum, að honum hafi virst rannsóknarþolinn mundi vilja setta sig við niðurstöður endurskoðunarinnar í öllum meginatriðum, hefi ég, að svo kommu, ekki viljað draga málið lengur né setja í meiri kostnað, fyrr en þá ríkisskattanefnd segir til, en er að sjálfsögðu reiðubúinn að halda framhaldsrannsókn, ef hún óskar þess, sá Fjáradlaráðherra.

Eins og afrit af rannsókninni sýnir línaði ég endurskoðandanum, dr. Kristni Guðmundssyni, skjöl málsins sem nauðsynleg gögn við endurskoðunina. Hann hafði margvíslegu starfi að gegna í Vestmannaeyjum fyrir ríkisskattanefnd, og að því loknu afhenti hann af vangá ríkisskattanefnd skjölin í þessu máli, en mér búrast þau ekki í hendur fyrr en 12. þ.m.

Þetta hefir valdið drætti á að senda afrit af rannsókninni og greinargjörðinni.

Akureyri, 18. okt. 1943

Jón Sveinsson.  
-rannsóknardómari í skattadöllum-

Til ríkisskattanefndar,

Reykjavík.



G R E I N A R G E R D.

---

Með bréfi dags. 17. janúar 1947 óskaði yfirskattanefnd Reykjavíkur þess, að ég hafi réttarrannsókn út af kærnu skattstjórans í Reykjavík, um framtöl mánara í Reykjavík, og þá fyrst og fremst framtöl Ólafs Pálssonar, uppælingafulltrúa, Hringbraut 74, Reykjavík.

Ég vil þegar taka fram, að bæði í bréfi yfirskattanefndarinnar og kærnu skattstjórans í Reykjavík, var Ólafur Pálsson að eiri aðili, sem nefndur var með nafni, og hefir því rannsóknin að mestu endist að honum.

Svo virðist sem síðan á árinu 1943 hafi mánara í Reykjavík, svo að segja eingöngu, unnið í ákveðisvinnu og fengið greitt fyrir verk sín samkvæmt sérstakri ákveðisvinnusamþykkt Mánarafélags Reykjavíkur. Vinnuveitendur hafa jafnan greitt mánurum nokkra fjárhæð - oftast vikulega - eftir því sem mánarárnir telja sig vinna, en að verki loknu er verkið mælt upp og reiknað út eftir nefndri ákveðisvinnusamþykkt, og skiptum þá lokið.

Mánarafélagið hefir á hverju ári kosið mann til að sjá um slíkar uppælingar og útreikninga. Hefir Ólafur Pálsson gengt því starfi frá upphafi. Árin 1943, 1944 og 1945 virðist þetta hafa verið aukastarf Ólafs, en á s.l. ári mun hann ekki hafa stundað aðra vinnu. Auk þessa mun Ólafur eitthvað hafa mælt upp fyrir Málaramsistarafélag Reykjavíkur.

Ólafur Pálsson afhenti dómaraman allmikið af gögnum, varðandi uppælingar þessar, og nokkuð var tekið úr hans vörslum við mánarannsókn á heimili hans þann 28. jan. s.l.

Skattaframtöl Ólafs Pálssonar árin 1944, 1945 og 1946 hafa aðallega verið athugað.

1. Á skattaskýrslu sinni árið 1944, telur Ólafur tekjur sínar af uppælingum kr. 8.555.00, en af skattstofunni var þar við bætt kr. 500.00,

sem fram kom að vantalið var. Heildartekjur Ólafa námu það ár kr.

25.879.00. Hafði hann þá tvö börn á framfæri. Eignaaukning kr. 580.00.

2. Á skattskýrslu sinni árið 1945, telur Ólafur tekjur sínar af uppælingum kr. 8.450.00, en tekur fram, að hér sé um áætlunarpupphæð að ræða, og áskilur sér rétt til hákkunar eða lækkunar. Heildartekjur hans til skatts það ár, eru taldar kr. 31.126.00. Börn á framfæri eru talin 3. Eignaaukning kr. 2.500.00. Ekki verður séð að skattayfirvöldin hafi gert neinar ráðstafanir út af áætlun Ólafa á uppælingum.

3. Á skattaskýrslu sinni árið 1946, telur Ólafur tekjur sínar af uppælingum, árið 1945, kr. 8.000.00, en áskilur sér rétt til breytinga. Heildartekjur telur Ólafur kr. 20.569.00. Börn á framfæri eru talin 2. Eignaaukning á árinu 1945 er kr. 9.000.00. Virðast hafa verið lagðir skattar á Ólaf eftir þessu framtali, og ekki verður séð, að skattstjóri hafi krafist hann um skýringu á þívu ónákvæma framtali hans, og einkernilegu eignaaukningu, né beitt heimild sinni til áætlunar, sbr. ákvæði 34. gr. laga nr. 6, frá 1935. Við rannsóknina kom í ljós, að Ólafur lá veikur, í allt að fjórum mánuði, á árinu 1945, og skýrir það að nokkru þívar lágu tekjur hans, en þó er eignaaukningin óskýrð. Eftir því sem fram kom við rannsóknina, verður ekki annað séð, en tekjur Ólafa af múraravinnu séu réttilega fram taldar. Hins vegar er sýnt, að tekjur hans af uppælingum eru ekki taldar fram af vinnvi nákvæmni. Ólafur hefir skýrt svo frá, að gjald það, er hann taki fyrir uppælingar og útreikninga hjá múrurum, sé þannig reiknað:

Verkfjórþæð allt að kr. 15.000.00 1½%. Lágmarksgjald kr. 25.00.

" kr. 15.000.00 - 20.000.00 1 1/4%.

" yfir kr. 20.000.00 1%.

Fyrir uppælingu hjá málarameisturum sé notaður sami taxti, þó þannig, að sé hugt að reikna út eftir teikningu, þá taki hann aðeins 1% af verkfjórþæð.



Þá hefir Ólafur talið, að venjulega stór uppmæling ásamt útreikningum, sé um dagsverk. Það má að vísu telja líklegt, að uppmælingum hafi fjölgað á árinu 1946, frá því sem var árin 1944 og 1945, en ólíklegt er, að sú aukning hafi verið svo mikil, sem Ólafur vill vera láta, að hann hafi haft af þeim kr. 8.000.00 í tekjur árið 1945, en á árinu 1946 hafi þær verið það margar, að þær séu fullkomið starf fyrir hann, eða gefið milli 40 - 50 þúsund kr. tekjur, en það eiga þær að gera, séu þær nægilegt starf, ef árstekjur eru reiknaðar út blutfallslega eftir þeim 10 útreikningum, sem rétturinn komst yfir. Með tilvísun til þessa verður að telja, að skattaframtöl Ólafs fyrir árin 1943, 1944 og 1945 séu ekki rétt, að því er varðar liðinn: "tekjur af uppmælingum". Því virðist réttast að sætla Ólafi tekjur af þessum starfa, sbr. 34. gr. 1. 6/1935, enda honum auðvelt að gefa tekjur þessar nákvæmlega til skatts, með því að leggja fram skrá yfir uppmælingar þær, sem hann hefir framkvæmt, en tekjur hans eru hundruðshluti af uppmælingarfjárhæðunum, og það því fremur, að ef hann héldi slíka skrá, þá væri mikið hægt að komast eftir, hverjar væru raunverulegar tekjur móraranna.

II. Múraranar almennt: Í kærnu skattstjórans í Reykjavík til yfirskattanefndar Reykjavíkur, er því haldið fram, að mikið muni vera um skattsvik hjá mórara-sveinum. Þykir rétt að víkja að því atriði með fáum orðum, þótt rannsókn þessi hafi ekki beinst nema að Ólafi Pálssyni, þar sem fleiri aðilar voru eigi nafngreindir.

Áður hefir þess verið getið hvernig háttad er kaupgreiðslum til mórara. Þrátt fyrir það að telja megi líkur fyrir, að framtöl margra mórara séu eigi rétt, þá hafa skattyfirvöldin eigi hirt um að beita ákvæðum 34. gr. 1. 5/1935 gagnvart þeim. Allarfjót er að gera sér grein fyrir raunverulegum tekjum mórarasveina á undanförunum árum, en skattstofan mun þó við rannsókn þessa hafa fengið í hendur allmikil gögna, er geti orðið henni til leiðbein-ingar í þessu efri.

Í áður nefndri kærri skattstjórnans í Reykjavík til yfirséttarnefndar, er þess getið, að erlendingar murrarar, er hér hafi unnið, hafi haft mun harri tekjur en innlendingar murrarar. Við athugun í dæmum þeim, er skattstjóri hér hafði fyrir augum kom í ljós, að menn þessir unnu við byggingu eina hér á s.l. ári. Kom fram, að þeir unnu lengur á degi hverjum en hér tíðkast og einnig á helgidögum. Þá unnu þeir nokkuð eftir sérsamningi, fyrir gjald, er var herra en hinn venjulegi taxti. Er vel hugsaklegt að þetta hafi orðið murrurum þessum til verulegra hagsbóta. Af framangreindu þykir ekki fyllilega verða miðað við laun þessara manna, þegar gera skal sér grein fyrir tekjum íslenskra murrara almennt.

Þá er talið í nefndri kærri skattstjórnans, að hægt muni vera að fá mikilsverðar upplýsingar um tekjur murrara hjá Murrarafélagi Reykjavíkur. Við rannsóknina kom fram, að stéttarfélagsgjald til Murrarafélagsins er 3% af vinnutekjum félagsmanna. Af hendi forráðsmanna félagsins hefir verið frá því skýrt, að fyrir síðustu heimstyrjöld hafi Sveinasamband byggingarmanna, en Murrarafélagið er í sambandinu, haft á hendi innhelstu fyrir murrarana. Nú sé þetta þannig breytt, að aðeins fáir murrarar noti sér af þessu. Flestir gefi upp til félagsins hvað þeir hafi í tekjur, og sé þá stéttarfélagsgjaldið reiknað eftir því, en öðrum verði að áætla tekjur í því skyni. Af þessu verður séð, að ekki verður á þessu byggt um raunverulegar tekjur murrarana.

Í framtíðinni virðist vera nauðsynlegt að fá úr þessu bætt. Virðist þá helst ráð, að vinnuveitandi, sem lætur vinna í ákvesðisvinnu eftir uppælinga-  
taxta (bæði múra og mála) sé skyldaður til samkv. ákv. 33. gr. 1. 6/1935 að láta skattstofunni í té ásamt launamíða, afrit af reikningum yfir uppælingar þær, sem framkvæmdar hafa verið hjá honum og hann hefir greitt. Einnfremur

YRðu aðiljar þeir, er slíka vinnu stunduðu, að taka fram hjá hverjum þeir hafi unnið. Kæmi þá í ljós ósamræmi eða vörðun á tekjum, er sjálfsagt að áætla samkv. heimild 34. gr. 1. 6/1935, þar sem skattgreiðendum sjálfum sé í löfa lagið að færa fram fullar sammanir fyrir rauverulegum tekjum, Jafnvel gæti komið til mála, ef í ljós kæmi að um skattsvik væri að ræða, að áætla tekjur á undanförunum árum samkv. heimildinni í 47 gr. 1. 6/1935. Átti þá að vera hægt að komast hjá, að dregið væri undan skatti á þessu sviði svo neinu væni.

Að erðingu vil ég taka fram, að í kærnu skattstjórans er talað um, að komið hafi í ljós bókhaldsfölsun hjá byggingafyrirtæki eina í Reykjavík. Fyrirtæki þessa, sem ekki er nafngreint í kærinni, hefir ekki verið hætt, og hefir því ekki verið hægt að rannsaka neitt um það.

Akureyri, 22. febrúar 1947.

Jón Sveinsson (sign).  
-rannsóknardómari í skattamálum-

Til yfirskattanefndar Reykjavíkur.  
-----



G R E I W A R G E R D

rannsóknardómarans í skattamálum um rannsókn hans á  
tekjum og eignum Klæðaverksmiðjunnar Álafoss h. f.,  
reikningsárið 1948 og þar í kring.

---

Með bréfum dags. 26. sept. og 8. okt. 1949 fór yfirskattarnefnd  
Gullbringu- og Kjósarsýslu þess á leit við mig, að ég rannsakaði tekjur  
Klæðaverksmiðjunnar Álafoss h.f. á reikningsárinu 1948 og þar í kring  
og eignir sama félags pr. 31/12 1948.

Ég hófst strax harda við rannsóknina og þar sem þegar í upphafi var  
ljóst, að hér þurfti að fara fram viðtæk bókhalðsrannsókn, dómkvaddi ég  
þann 10. okt. 1949 þá Jón G. Halldórsson, viðskiptafræðing, og Örn Ingólfs-  
son, bókara, til að endurskoða bókhalð rannsóknarþola.

Hinir dómkvöddu endurskoðendur höfu strax starf sitt. Brátt kom í  
ljós, að verk þetta var mun erfiðara og vandasamar heldur en í upphafi  
hafði verið ráð fyrir gert. Staðaði það af því, að bókhalð rannsóknarþola  
reyndist ófullkomið, einkum um fylgiskjöl og önnur slík sönnunargögn, eins  
og fram kemur í skýrslu endurskoðendanna. Reyndist allerfitt að afla ýmissa  
gagna, og tók endurskoðunin því langan tíma. Endurskoðuninni var lokið 22.  
f.m. Endurskoðendurnir söndu rekstrarreikning fyrir rannsóknarþola fyrir  
tímabilið frá 1/1 1948 til 31/12 1948 og afmahagsreikning hans pr. 31/12  
1948.

Forsvarsmönnum rannsóknarþola hefir verið kynnt endurskoðunin og þeim  
gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir við hana. Þá hafa þeir verið  
spurdir um ýmis atriði fyrir dómi.

Samkvæmt reikningum endurskoðendanna eru niðurstöður þessar:

1. Wettstækjur 1948			Kr. 1.005.376.91
+ lagt í varasjóð	kr. 201.075.00		
5% af blutafé	" 5.000.00		206.075.00
Skattskyldar tekjur			<u>Kr. 799.301.91</u>
2. Vantaldar tekjur 1947			Kr. 18.701.09
+ lagt í varasjóð			" 3.740.00
3. Vantaldar tekjur 1946			" 260.200.00
+ lagt í varasjóð			" 32.040.00
4. Skattskyld eign 1948:			
Óráðstafsbúr ágóði			Kr. 1.071.534.80
Varasjóður			" 325.155.00
Land og hús á Álafossi			
skv. fasteignamat	kr. 154.900.00		
+ bókfært verð verk- smíðjuhátt	84.540.00		
Bókf. verð sundakála	26.950.00	113.490.00	Kr. 41.410.00
			<u>Kr. 1.438.099.80</u>
Skattskyld eign þannig			<u>Kr. 1.438.000.00</u>

Eins og fram kemur í skýrslu endurskoðendanna (dskj. 38) og bréfi þeirra til mín (dskj. 37) fullvegir bókhald rannsóknarþola ekki að öllu kröfum þeim, sem gera verður til bókhalds þeirra, sem bókhaldaskyldir eru, skv. l. nr. 62 frá 1938, en Klæðaverkam. Álafoss h.f. er bókhalds- skyld fyrirtæki.

Synjanir forsvarsmanna rannsóknarþola og athugasemdir þeirra við skýrslur endurskoðendanna styðjast ekki við fullkomin skýringargögn. Má í þessu sambandi vísa til athugasemdanna á dskj. 36 og 42, framburðar forsvarsmanna rannsóknarþola fyrir dóm 1. þ.m. svo og svara endurskoðend- anna á dskj. 44.

Þegar athugað er skattframtal rannsóknarþola dags. í maí 1949 (dskj. 4) og það borið saman við skýralu endurskoðendanna og viðurkenningar forsvaramanna rannsóknarþola, virðist ljóst, að þar sé aðeins um nálaýnda framtal að ræða, sem ekki verði byggt á.

Að þessum athuguðu virðist mér að leggja verði niðurstöður endurskoðendanna í meginatriðum til grundvallar við áætlun á tekjum og eignum rannsóknarþola á nækæddu tímabili.

Þess ber þó að gæta, að niðurstöður endurskoðendanna eru í einstökum tilfellum byggðar á áætlunum (t.d. vörusala til Hraðsaumastofunnar Álafoss h.f., dskj. 38 bls. 3 til 10), enda var ekki annars kostur þar sem gögn vantaði algerlega.

Þó þarf einnig að gæta þess, að nokkur rök liggja til þess, að hinar háu tekjur, sem rannsóknarþoli virðist hafa haft á árinu 1948, stafi af vantöldum eignum í ársbyrjun (sbr. dskj. 38 bls. 3).

Við ákvörðun tekju- og eignaskatts rannsóknarþola verður að hafa þetta í huga, svo og það, að ekki munu vera til samþröfuð uppgjör og skattframtöl hliðstæðra íðnfyrirtækja, þannig að samantæðarathugasir koma ekki að fullum notum, nema slíkt hafi verið gert fyrst.

Sins og fram kemur af rannsókninni og því, sem hér að framan greinir, þá hafa komið fram vantaldar tekjur hjá rannsóknarþola frá árunum 1947 og 1946. Auk þess er ástæða til að ætla, að eignir hafi verið vantaldar í ársbyrjun 1948, sbr. dskj. 38 bls. 3. Athugandi væri, hvort eigi þætti lært að taka upp tekjuskattsákvörðun á rannsóknarþola fyrir næst ár á undan því, sem rannsóknin beindist aðallega að. Mætti reikna honum skatt af þeim tekjum, sem ekki verða örugglega taldar tekjur ársins 1948 og jafna honum á þau ár.

Af rannsókn þessari verður ljóst, að tekjur og eignir rannsóknarþola verður að áætla vegna skorts á lögskiltum sönnunargögnum, sem honum bar að

sjá um, að væri fyrir hendi. Virðist því sönnunarbyrðin um réttar eignir og tekjur færast yfir á rannsóknarpöla.

Reykjavík, 6. mars 1950.

Jón Sváinsson (sign.)

-rannsóknardómari í skattamálum-

Til

Yfirskattaneftdarinnar í Gullbringur-  
og Kjósarsýslu.

Hlj. Mafoss gefur upp tekjur fyrir 1948 kr. 12,230.—  
Skattaneftnd ákalla tekjunnar - - 196,616.—  
Þá ákallun væri skattgreiddurinn

||

1948 Skattskyldar tekjur	156,300.—
netto eign	308,000.—
Heildarvæla þá veltu miðgjafi e.	3.100.000.—



